




Frú Ásgerður Ester Búadóttir rög Benedikt Gunnarsson. Myndirnar eru teknar í Sýningarsalnum í gær. —

Sýning á myndvefnaði og glermyndum í Sýningarsalnum

Í dag opna þau frú Ásgerður Ester Búadóttir og Benedikt Gunnarsson sýningu í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti. Ásgerður sýnir myndvefnað, en Benedikt glermyndir. Sýningin verður opnuð klukkan fjögur fyrir boðsgesti og fyrir almenn- ing klukkan fimm. Sýningin verður opin daglega frá klukkan tvö til tíu síðdegis og lýkur þann fyrsta næsta mánaðar.

Frú Ásgerður sýnir tíu ofnar myndir, flestar unnar síðast liðin tvö ár. Myndirnar hafa allar hlotið nöfn, nema tvær, og sem dæmi má nefna „Form í haustnótt“, „Greinar“, „Kjarnar“, „Stúlka og fugl“, „Ásgerður Ester hóf nám í Handíða og myndlistarskólanum, en innrit- áðist síðan haustið 1946 í Konung- lega Akademið í Kaupmannahöfn og stúndaði þar myndlistarnám næstu þrjá vetur. Eftir að Ásgerður kom heim hefir hún lagt stund á myndvefnað og tekið þátt í nokkrum sýningum og nú seinast sam- norænu sýningunni í Gautaborg, þar sem henni var boðið að sýna þrjá vefnaði. Einnig átti hún vefnaði á alþjóðlegu sýningunni í München sumarið 1956 og hlaut þá gullverðlaun sýningarinnar fyrir eina mynd sína. Þetta er í fyrsta sinn, sem hún efnir til sjálfstæðrar sýningar.

Nýjung í málalísi.

Benedikt Gunnarsson sýnir 26 glermyndir, máláðar með gagnsæ- am litum. Er þar um nýjung í mál-

alist að ræða, þar sem lítaðar glermyndir hafa venjulega verið brenndar í verksmíðjum, en myndir Benedikts eru óbrenndar. Hafa slíkar myndir ekki verið gerðar áður hér á landi og fróðir menn segja, að aðferðin sé lítt þekkt er- lendis. Benedikt hefir skírt myndirnar og má nefna nöfn eins og „Eldfugl“, „Hillingar“, „Regnslæður“ og „Gott er að hafa gler í skó“. Myndirnar eru máláðar síðast liðið ár.

Benedikt lauk námi við Handíða- og myndlistarskólann 1948, stundaði síðan nám við Listaháskólann og Ríkislistasafnið í Kaupmannahöfn og dvaldi síðan um skeið á Frakklandi og Spáni. Hann hélt fyrstu sjálfstæðu málverkasýningu í París 1953 og árið eftir sýndi hann í Listamannaskólanum. Hann hefir tekið þátt í mörgum samsýningum íslenskra listamanna heima og erlendis og síðast á alþjóðasam- sýningunni í Moskvu. Benedikt hefir í hyggju að setja upp stóra einka- sýningu að hausti.

Fyrsti knattspyrnuleikur í vor: Íslands- og Reykjavíkurreistararnir frá í fyrsta mætast á sumard. fyrsta

Einn liður í hátíðahöldum Fram í tilefni 50 ára afmæli félagsins

Í tilefni af 50 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Fram efnir félagið til ýmissa afmælisleikja og verður hinn stærsti þeirra næst komandi fimmtudag, sumardaginn fyrsta, og hefst kl. 5 á Íþróttavellinum á Melunum.

Reykjavíkurreistarar Fram mæta þá Íslandsmeisturinum frá Akranesi og má búast við skemmti legum leik, því þegar þessi lið mættust í úrslitaleik Íslandsmeist- ans í fyrrasumar, vann Akranes með 2—1, og var það eini tap- leikur Fram á sumrinu fyrir ísl. liði.

Stjórnmalanámsskeið

Ákveðið hefir verið að efna til stjórnála- og málfundanám- skeiðs fyrir fólk í verkafélög- unum á tímabilinu 25. apríl til 5. maí n. k.

Væntanlegir þátttakendur eru góðfúslega beðnir að hafa sam- band við skrifstofu flokksins í Edduhúsinu sem fyrst. Símar 15564 og 16066.

Framsóknarfélögin.

Tvö erlend lið — utanför.

Í sumar eru væntanleg hingað tvö erlend knattspyrnulið á veg- um Fram. 26. júní kemur unglinga lið frá Roskilde Boldklubb í Dan- mörku og leikur hér nokkra leiki. Í fyrrasumar keppti 2. flokkur Fram á vegum þessa félags í Dan- mörku.

10. júlí er svo væntanlegt úr- valslið SBU, Knattspyrnusam- bands Sjálands, og er það mjög stækt lið. Mun það elika hér fjóra leiki. — Úrvalslið frá SBU hefir komið hingað til lands áður. — Liðið fer héðan hinn 20. júlí, og verður þá meistaraflukur Fram því samferða til Danmerkur og mun leika þar þrjá leiki, við Køge, Næstved og Helsingør, þrjú beztu lið Sjálandssambandsins. Nánar verður skýrt frá þessum málum og afmæli Fram síðar hér í blað- inu.

Orðsending til Nor- ræna tónskálda- ráðsins

Nýlega hefir Tónskáldafélag Ís- lands sent Norræna tónskáldaráð- inu og tónskáldafélögum Norður- landa svohljóðandi orðsendingu:

„Vegna þeirrar kröftu hinnar samnorænu dómnefndar, sem kjörin var til að velja tónverk fyrir næstu norrænu tónlistarhátíð, að til greina skuli ekki koma tón- verk, er samin hafa verið fyrir tíu árum eða meir, vill Tónskáldafélag Íslands leyfa sér að benda á það, sem hér segir:

„Það verður ekki hjá því komið að segja frá því, að tónlistarlíf á Íslandi hefir enn ekki náð svo miklum þroska, að kröfa þessi geti átt við um íslensk tónverk, sem oft bíða óflutt í handriti áratugum saman og oftast einmitt þau veiga mestu. Það er ekki hægt að dylja þá ótrúlegu staðreynd, að íslensk tónskáld búa við langtum lakari kjör en stéttarbræður þeirra á hinum Norðurlöndunum. Íslensk tónskáld hafa ekki tök á að fá verk sín afrituð, fjölrituð eða ljósmynd- uð — hvað þá heldur prentuð.

Hvorki Ríkisútvarp Íslands né Símfóníuhljómsveit Íslands né ís- lenzkir söngflokkar né flokkar stofutónlistar né einleikarar né

Vörn uppreisnarmanna í Súmatra virðist alveg að þrotum komin

Síðustu leifar uppreisnarhersins umkringdar af stjórnarhernum

NTB-Djakarta, 18. apríl. — Síðustu leifar uppreisnarhersins eru nú fyllilega umkringdar af sveitum stjórnarinnar, og talið er, að eftir svo sem tvo daga verði stjórn Sukarnos búin að ná aftur völdum um alla Súmatra.

Stjórnarherinn hefir nú unnið reisnarmanna í Singapore hefir Padang, helztu borg uppreisnar- manna, þar sem stjórn þeirra var stofnuð og sækir hann nú fram á Súmatra, en þeir myndu halda til Bukit Tinggi, sem er eini stóri bæriinn, sem uppreisnarmenn halda enn.

Fjöldi uppreisnarmanna hefir flúið til fjalla, og bendir allt til, að langvinnur skæruhernaður sé í vændum á eyjunni. Talsmaður upp

reisnarmanna í Singapore hefir sagt, að uppreisnarmenn viður- kenndu að hafa misst aðstöðu sína á Súmatra, en þeir myndu halda áfram að berjast frá Norður-Cele- bærinni, sem uppreisnarmenn bes. Stjórnarhernum hefir miðað vel í bardögum og framsókn síð-ustu daga og segir yfirhershöfðing- inn, Nasution, að stjórnarherinn muni ekki unna sér hvíldar fyrr en uppreisnarmönnum hafi öllum verið útrýmt.

Tvö norsk selveiðiskipanna laus úr ísklemmunni í vesturísnum

„Maiblomsten“ 25 mílur frá auðum sjó

OSLÓ, föstudag. — Eftirlitsskipið „Draug“, sem sent var að ísrönd- inni í Vesturísnum til aðstoðar selveiðiskipunum þremur, sem þar voru innilokað, tilkynnti síðdegis í dag tvö skipanna, „Drott“ og „Salvador“ hefði losnað út úr ísklemmunni og hefðu komið á auðan sjó. En „Maiblomsten“ er enn um það bil 25 mílur inni í

ísnum. Þó mun nú horfa betur, að skipið losnaði. Draug kom á vettvang í gær og komst svo langt inn í ísröndina að vel sjást til „Drott“ og „Salva- dor“. Það var úr „Drott“, sem amerísk helikopterflugvél bjarg- aði slösuðum manni og flutti til Grænlands og síðan til Íslands.

einsöngvarar hafa, nema að mjög litlu leyti, getað annast flutning eða dreifingu íslenskra tónverka. Íslensk tónskáld hafa heldur ekki haft tök á að starfa sjálfir að kynningu verka sinna, heldur hafa einkum á seinni árum þurft að eyða kröftum sínum í að skipu- leggja á Íslandi alþjóðlega réttinda stofnun og félagsstarfsemi til að meyna að skapa sér og tónlistinni sem annars staðar tíðkast. Þess er að vænta að þessi aðstaða verði eftir 10—20 ár orðin á Íslandi svipuð og í öðrum löndum.

Tónskáldafélag Íslands treystir því, að Norræna tónskáldaráðið og norrænu tónskáldafélögin sýni full

an skilning á sérstöðu Íslands í þessum efnum og styðji einnig kröfur Tónskáldafélags Íslands á hendur þeim íslenskum aðilum, sem eiga að leggja rækt við tón- list og alþjóðleg viðskipti á sviði tónlistar — svo að Ísland geti sem fyrst staðið jafnfætis hinum Norð- urlöndunum í þessum efnum.

Það er einnig skoðun Tónskálda- félags Íslands, að í vali tónverka til flutnings á Norrænum tónlistar- hátíðum skuli ekki farið eftir tísku fyrirbrigðum og stælingum þeirra, hversu haganlega, sem þær kynnu að vera gerðar — heldur skuli hin- ar listrænu kröfur við samningu á efnisskrám eingöngu miðast við hið sálræna tjáningargildi verk- anna — sem er óháð tíma og tísku“.

Undirbuningur hafinn að auknu sam- starfi við Íslendinga vestan hafs

Íslendingahús í Winnipeg, æviskráritun, hand- ritasöfnun, nemendaskipti, íslensk verzlun o. fl.

Undirbuningur er nú hafinn hér að mjög auknu samstarfi við Íslendinga vestan hafs. Forsaga málsins er sú, að Stein- grímur Steinþórsson, þá forsætisráðh., fól Árna Bjarnarsyni bókaútgefanda á Akureyri að gera tillögur varðandi slíkt sam- starf, en Árni hefir nú samið 40 tillögur í þessu efni og látið prenta ásamt greinargerð í bæklingi. Í vetur skipaði núver- andi forsætisráðherra, Hermann Jónasson, fimm manna nefnd til að vinna að framkvæmd máls þessa á grundvelli tillagna Árna, en í nefndinni eru auk hans, sem er formaður, þeir Hall- grímur Hallgrímsson, aðalræðismaður Kanada, Egill Bjarna- son, auglýsingastjóri, Steindór Steindórsson, yfirkennari Menntaskólans á Akureyri og séra Benjamín Kristjánsson á Laugalandi.

Tillögum sínum skiptir Árni í þeirra, er vestur fluttust og af- fimm flokka, er bera heitin: Gagn- kvæm landkynning, Heimboð og mannaskipti, Menningarmál, Við- skiptamál o.fl. og Ýmislegt. Meðal annars, sem hann leggur til, er að stofnuð verði íslensk ferða- og upplýsingaskrifstofa í Winnipeg, ríkisútvarpið flytji meira að frétt- um að vestan, einnig dagskrárliði þaðan, bréfaskipti námsmanna vestan hafs og austan og stofnun framkvæmdanefnda, sem þegar hefir verið gert hér, svo sem áður segir, og vænt er til að einnig verði gert vestra.

Þá skuli hafin æviskráritun Ís- lendinga í Vesturheimi, bæði

ritum, fréttaritari fyrir íslensk blöð og útvarp starfi vestan hafs, íslensk verzlun stofnuð í Winni- peg, samvinna um skógræktarmál og þjóðræknisfélögin efla o.fl.

Íslendingahús í Winnipeg.

Þá leggur Árni Bjarnarson mikla áherzlu á að stutt verði að stofnun Íslendingahúss í Winnipeg. Þjóð- ræknisfélagið vestan hafs hefir þegar rætt það mál og byrjað er að safna fé til þess. Í húsi þessu yrði sameinuð öll starfsemi Íslend- inga í Winnipeg, en þar í borg munu flestir Vestur-Íslendingar búsettir á einum stað, og borgin því nokkurs konar höfuðborg þjóð- arbrótsins vestra.

Mikill áhugi vestan hafs.

Árni Bjarnarson hefir ferðast víða um Íslendingabyggðir vestra, og telur hann mikinn áhuga ríkj- andi meðal þeirra 45—50 þúsund fólks af íslensku bergi brotnu á auknum samskiptum við Ísland. Árni hefir um langt skeið starfað að þessum málum og nú síðast ráðizt í útgáfu mikils rits til efl- ingar samstarfi Vestur-Íslendinga og heimabyggðarinnar, er hann nefnir Eddu. Í rit þetta skrifa 30 þjóðkunnir menn og verður það gefið út í 8—9 þúsund ein- tókum, sem bæði verður dreift hér heima og vestra.